

Verkefni: Stjórnarfundur Gíggjunnar
Dagsetning fundar: 07.04.2005
Tímasetning fundar: 20:00 – 22:30
Fundarstaður: Hvanneyri

Stjórnarmenn / Fundarmenn:

Sigurbjörg Aðalsteinsdóttir (SA)	Formaður	Mætt
Kristín Ingimundardóttir (KI)	Gjaldkeri	Mætt
Heiða Gunnarsdóttir (HG)	Ritari	Mætt
Ásdís Helga Bjarnadóttir (ÁHB)	Meðstjórnandi	Mætt
Ásdís Hjálmtýsdóttir (ÁH)	Meðstjórnandi	Mætt

Fundarefni og niðurstöður fundar:

1. Undirbúningur aðalfundar

Ákveðið hefur verið að halda aðalfund Gíggjunnar föstudaginn 29. apríl í tengslum við 6. landsmót kvennakóra sem haldið verður í Álfafelli (fundarstaður; salur á 2. hæð íþróttahússins við Strandgötu) í Hafnarfirði dagana 29. apríl til 1. maí 2005. Aðildarkórum voru fyrst sendar upplýsingar um aðalfundinn í fréttabréfi 24. febrúar 2005 en samkvæmt lögum Gíggjunnar skal dagskrá aðalfundar vera eftirfarandi:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Endurskoðaðir reikningar.
3. Stjórnarkjör.
4. Lagabreytingar.
5. Ákvörðun árgjalds.
6. Önnur mál.

Skýrsla stjórnar. SA mun taka saman skýrslu um þau mál sem stjórnin hefur unnið að á árinu.

Endurskoðaðir reikningar. KI mun gera rekstrarreikning fyrir starfsárið sem hún mun senda aðalstjórn til yfirlstrar og álitsgerðar fyrir aðalfundinn. KI mun síðan gera grein fyrir rekstrarreikninginum á aðalfundinum.

Stjórnarkjör. SA, KI og ÁH munu víkja úr aðalstjórn, ÁHB og HG munu sitja áfram. Óskað hefur verið eftir því við aðildarkóra að þeir tilnefni fulltrúa í næstu stjórn Gíggjunnar, engin viðbrögð hafa enn borist.

Lagabreytingar. Engar lagabreytingartillögur hafa borist frá aðildarkórum, stjórnin leggur ekki fram neinar lagabreytingartillögur á aðalfundinum.

Ákvörðun árgjald. Stjórnin leggur það til að árgjaldið verði óbreytt næsta starfsár 2005-2006, kr. 200 á hverja kórkonu.

Önnur mál. Elín Helgadóttir frá Fjölís mun koma á fundinn til þess að gera grein fyrir tillögum að samningum við kóra um ljósritun.

Gengið var frá fundarboði dagsettu 7. apríl 2005, það sett í umslög ásamt lögum sambandsins. KI mun koma bréfunum í póst. Ákveðið var að senda Kvennakór Kaupmannahafnar fundarboðið með tölvupósti, HG sér um það. Ákveðið að setja fundarboðið einnig inn á vefsetrið, HG sér um það mál.

2. Auglýsing á vefsetri Gíggunnar

Úrval-Útsýn hefur greitt kr. 50.000 fyrir auglýsingu á vefsetri Gíggunnar fyrir starfsárið 2004. Gert er ráð fyrir að sú upphæð tvöfaldi sig fyrir árið 2005 að því skilyrði uppfylltu að aðildarkórar Gíggunnar beini viðskiptum sínum til Úrval-Útsýnar.

3. Félagsgjöld fyrir árið 2004

KI greindi frá því að ekki væru allir aðildarkórar búnir að greiða félagsgjaldið fyrir árið 2004. KI mun ganga í það mál að rukka þannig að allir kórar hafi gengið frá greiðslu fyrir aðalfundinn. Rukkun á félagsgjaldi fyrir árið 2005 verður send út á félagskóra með haustinu.

4. Næsta landsmót

Samkvæmt lögum Gíggunnar þá á Gígjan að standa að landsmótum. Ákveðið að óska eftir kór til að halda næsta landsmót. Æskilegast væri að þær upplýsingar lægju fyrir þannig að hægt væri að greina frá staðsetningu næsta landsmót við slitin á landsmótinu í Hafnarfirði. Málið í vinnslu.

5. Eldri fundargerðir Gíggunnar settar inn á vefsetrið

Ákveðið var að reyna hafa upp á fundargerðum frá fyrsta starfsári Gíggunnar. ÁH mun ganga í það mál og koma fundargerðunum til HG sem setur þær inn á vefsetrið.

6. Ólympíuleikar kóra

Borgerður Ingólfsdóttir, stjórnandi Hamrahlíðarkórsins, er íslenskur tengiliður fyrir Ólympíuleika kóra. Aðildarkórum sem áhuga hafa á að kynna sér efnið er bent á að hafa samband við hana. Annars er einnig vísað í kynningu ÁHB sem hún flutti á málþingi Gíggunnar í mars 2005.

7. Fjölga félögum í Gíggunni

SA lagði það til að þeim kvennakórum á landinu sem ekki eru aðilar að Gíggunni yrði skrifað kynningarbréf um störf sambandsins og þeim formlega boðin aðild. Málið rætt og ákveðið að ráðast í þetta verkefni með haustinu.

8. Umsókn til Samtaka flytjenda og hljómplötuútgefenda (SFH)

Enn hafa engin svör borist við bréfi Gíggunnar þess efnis að gerast aðilar að samtökunum. Síðustu fréttir voru að erindið yrði tekið formlega fyrir á aðalfundi SFH sem halda á í maí. SA lagði fram þá hugmynd að nota fjármagnið sem Gígjan fær til þess að láta semja tónverk fyrir kvennakóra. Hugmyndin rædd og tekin verður ákvörðun síðar þegar niðurstaða er komin í málið.

9. Útgáfa á verkum kvennakóra

SA hefur unnið að því að safna saman verkum sem samin hafa verið sérstaklega fyrir kvennakóra. ÁH mun koma nótum til SA með verkum sem samin hafa verið fyrir Kvennakór Reykjavíkur og ÁHB mun koma nótum til SA með þeim verkum sem samin hafa verið fyrir Freyjukórinn í Borgarfirði. Málið er í vinnslu.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 22:30.

Ritari fundargerðar: Heiða Gunnarsdóttir.